

## Sýndu hvað í þér býr

Námskeiðið *sýndu hvað í þér býr* hefur verið mjög vinsælt undanfarin ár. Á námskeiðinu er farið yfir ýmsa þætti er tengjast ræðumennsku, s.s. að taka til máls, framkomu, ræðuflutning, raddbeitingu, skipan ræðu o.fl. Einnig er kennt ýmislegt sem við kemur fundasköpum, m.a. fundareglur, boðun funda, fundaskipan, dagskrá funda, umræður, meðferð tillagna, kosningar o.fl.

Þátttakendur hafa almennt verið hæstánægðir með námskeiðin og segja þau hafa verið lærdómsrík og skemmtileg. Þeir eru sammála um að hafa lært að verða öruggari í framkomu og ræðuhöldum auk þess sem þeir telja gagnlegt að fá svör við mörgum þeim spurninum sem brenna um fundarsköp.



Auk þess sem þátttakendur læra ræðumennsku og fundarsköp er lögð áhersla á að þátttakendur kynnist vel og eigi auðveldara með að mynda tengslanet með hópeflisleikjum og hópverkefnum hvers konar.

UMFÍ hvetur sem flesta til þess að sýna hvað í þeim býr og sækja námskeiðið. Allir eru velkomnir á námskeið hvort sem þeir eru í félagi eður ei og hvetjum við eindregið áhugasama (ungmennafélög, kvenfélög, búnaðarfélög, fyrirtæki, skóla, vinahópa o.fl.) til að hafa samband við Sigurð Guðmundsson leiðbeinanda í síma 568-2929 / 861-3379 eða og á [sigurdur@umfi.is](mailto:sigurdur@umfi.is)

